

Fyrstu skrefin út í skóg.....

Trjátegundir




Hvanneyri 12. apríl 2017

Arnín Óladóttir

A photograph of a gravel path winding through a dense, lush green forest. The path is made of small grey stones and is flanked by tall grasses and various green plants. In the background, several trees with light-colored bark, possibly birches, stand prominently. The overall scene is vibrant and natural.

Trjátegundir í íslenskri skógrækt

Gróðursetning árið 2014 – allt landið



Birki er góð landgræðsluplanta –
byggir upp jarðveg, lauf rotna
hratt - mikil umsetning róta

Birki er fallett skógartré
sérstaklega ef það vex vel

Birki er besti eldiviðurinn


Birki er góður smíðaviður

Birkiskógar hafa blómlegan
undirgróður

Birki er íslensk tegund

Birki vex við næstum allar
aðstæður og lagar sig að þeim





Söfnun á fræi af úrvalstrjám
fer fram víða á Vestfjörðum





Ungt birki


Er vestfirskt birki bara kjarr?



Gamalt birki

Tilgangurinn er:

- að varðveita erfðaefnið sem hér hefur þróast
- að koma upp úrvali af vestfirsku birki
- að nota efnivið sem sannanlega þolir erfiðar aðstæður



Úrvalsbirki af Bæjarstaðakvæmi hefur reynst vel á góðum stöðum
Um helmingur af birkinu sem er gróðursett er af því kvæmi
Úrval af úrvali Embla.....kröftugt og beinvaxið.

Reyniviður

Fallegt, stórt lauftré

Íslensk tegund



Fuglar elska reyniber



Góður viður - rósaætt

Sitkagreni

Langlíft – 500 – 1000 ár

Gefur langmestan viðarvöxt

Timbrið notað í margt
byggingar-pappír-flugvélar

Viðurinn er þéttur, mjúkur
og léttur og getur verið
ágætis smíðaviður ef það vex
hæfilega hratt og er
kvistalítið – þe fáar greinar

Öruggt í ræktun

Nema haustfrost!

Hægt að finna kvæmi
fyrir nær allar aðstæður




Vöxtur sitkagrenis (og SB) m³ á ha á ári
Heimild: Arnór Snorrason, 2001, áfangaskýrsla





Blöndun sitkagrenis og hvítgrenis – ónákvæmt kort



Á flestum stöðum á Vestfjörðum virðist sitkabastarður standa sig best.

Stafafura

Þurr, ófrjó svæði, en þolir líka raka

Vex auðvitað betur í frjóu landi

Kvæmið sem hefur verið notað mest er greinamikið >

➤ þolir illa snjó og er ekki gott timbur

Fallegt jólatré -barrheldin

Stendur sig vel í grasi!

Ljóselsk en getur þó vaxið undir ljósgæfum trjáskermi – t.d. lerki

Þolir samkeppni við bláberjalyng geta hjálpað greni að þola það

Útbreiðsla stafafuru

Strandfura –þ.á.m. Skagway


Greinamikil, þolir betur særok

Innanlandsfura þ.á.m. Bennet lake

Styttri greinar, þarf stöðugra veður

Svíar hafa stundað miklar rannsóknir á mismunandi kvæmum af Stafafuru og komið sér upp frægörðum af úrvalsefni.

Við erum byrjuð að fá fræ þaðan t.d. Oppala kvæmið sem verður afhent í ár.





Fura – skógarfura, lindifura, bergfura

Rússalerki - langlíf

Ljóselskt – þurfa að standa gisið til að vaxa vel. Grisja

Frumherji - dugleg á ófrjóu landi, jarðvegsrækt.

Vex hratt á unga aldri

Þolir alls ekki samkeppni við gras – né grasmaðka

Eðaltimbur – gott að skyggja út, eða klippa greinar (kvistir)

Mikill einstaklingsmunur –
planta fremur þétt og grisja snemma

Þarf góðan sumarhita

Þolir illa seltu

Þarf þurrt loftslag á vaxtartíma

Notuð með birki og furu.

Skermur fyrir jólatré



Evrópulerki (í Ölpunum)



*Mýralerki,

*Fjallalerki

***Lerkiblendingar –Hrymur





Hrymur – íslenskur blendingur rússalerkis og evrópulerkis.
Fræ ræktuð í fræhúsi með stýrðri víxlun.
Fræframboð þess vegna takmarkað, en er að aukast.

Alaskaösp

Hraðvaxta, lauftré og getur orðið yfir 20 m hátt.

Af gömlum smiðum talin afleitt timbur - en þó nothæft í ýmislegt!

Auðvelt að klóna – ræktað frá græðlingum

Mikill munur á klónum jafnvel tré úr sama skógi

Leit stendur yfir að “réttum” klónum fyrir hverja sveit





Skammlotuskógrækt

Elri - öllur



Fjöldi tegunda – flestar runnar

Binda köfnunarefni –
- hnúðar á rótum

Ljósþurfi – frumherji
- sáir sér snemma og mikið

Notað í landgræðslu og
sem áburður undir stærri og
langlífari tré.

Flest kvæmi sem hafa verið
prófuð verða fyrir kali

Víðitegundir




Lifa hratt og stutt (30 – 50 ár)

Skjólbelti

Skjólskermur.

Plantað gisið inn á milli viðkvæmari tegunda

Notaðar til að skreyta skógarjaðra



Mikil fræframleiðsla - tegundablöndun

Innfluttar tegundir – oft sýna þær á sér nýja hlið

Fáar tegundir á Íslandi – mikið pláss fyrir hverja tegund
þess vegna sýna einstakar tegundir hér mikinn breytileika
t.d. stinnastör

Endalausar tilraunir og óvæntar upptakomur

Að líkja eftir því hvernig tegundir vaxa
heima hjá sér

- * í hvernig umhverfi
- * hvaða tegundir vaxa saman

Tilgangur að rækta beinvaxin tré, hratt og án áfalla
aok þess á skógurinn að vera fallegur og fjölbreyttur




Þróunarstig skóglendis

Almennt gildir með landnám gróðurs að í byrjun nemur ýmiss lágvaxinn gróður land og byrjar að þekja yfirborðið (*Jurtastig*). Þar næst koma lágvaxnir og harðgerir runnar (*Runnastig*), sem koma landinu í skjól. Í skjóli runnanna taka hávaxin, fljótsprottin og sólelsk tré að nema land (*Frumherjastig*) og byrja að mynda sérstakt skógarveðurfar. Í skjóli laustrjána taka skuggþolnar tegundir að sá sér í skógarbotninn og skyggja á endanum frumherjana út. Við tekur nokkuð stöðugt ástand sem getur staðið í aldir (*Drottunarstig*).



	Lúpína Melgresi Baunagras	Víðir (<i>Salix</i>)	Elri (<i>Alnus</i>)	Birki (<i>Betula</i>)	Ösp (<i>Populus</i>)	Birki (<i>Betula</i>)	Lerki (<i>Larix</i>)	Fura (<i>Pinus</i>)	Beyki? (<i>Fagus</i>)	Greni (<i>Picea</i>)	Þinur (<i>Abies</i>)	Þöll (<i>Tsuga</i>)
Tré		Heggur (<i>Prunus</i>)	Gullregn (<i>Laburnum</i>)	Reyniviður (<i>Sorbus</i>)	Álmur (<i>Ulmus</i>)	Askur (<i>Fraxinus</i>)	Hlynur (<i>Acer</i>)	Eik? (<i>Quercus</i>)	Sýpruss (<i>Chamaecyparis</i>)	Lífviður? (<i>Thuja</i>)		
Runnar	Silfurblað (<i>Elaeagnus</i>)	Hafþyrnir (<i>Hippophae</i>)	Amall (<i>Amelanchier</i>)	Sýrenur (<i>Syringa</i>)	Þyrnar (<i>Crataegus</i>)	Kvistill (<i>Physocarpus</i>)	Kesja (<i>Chosenia</i>)	Eplatré (<i>Malus</i>)	Ýviður (<i>Taxus</i>)	Rifsber (<i>Ribes</i>)	Toppar (<i>Lonicera</i>)	Yllir (<i>Sambucus</i>)
	Rósir (<i>Rosa</i>)	Sópar (<i>Cytisus</i>)	Hyrnir (<i>Cornus</i>)	Kergi (<i>Caragana</i>)	Kvistlingur (<i>Sibirica</i>)	Misplar (<i>Cotoneaster</i>)	Broddar (<i>Berberis</i>)	Bergsóley (<i>Clematis</i>)	Kvistir (<i>Spirea</i>)	Snjóber (<i>Symphoricarpus</i>)	Reyniblaðka (<i>Sorbaria</i>)	
	Runnamura (<i>Potentilla</i>)	Lyngrós (<i>Rhododendron</i>)	Klungur (<i>Rubus</i>)	Kálfaber (<i>Shepardia</i>)	Einir (<i>Juniperus</i>)	Úlfarunnar (<i>Viburnum</i>)						

Aukið skuggþol →



- Athuga eðli tegunda- ljóselskar-skuggþolnar

- Eftir skógarbruna eða skriður koma birki, ösp og víðir
- Síðan tekur greni og/eða fura yfir
- Undirgróður er t.d. þöll og þinur

- Lerki vex gjarnan eitt eða með lindifuru
- Lindifura seinvaxin en sitkagreni fljótsprotnara
- Hægt að láta það gegna hlutverki lindifuru
- Skyggir á greinar lerkisins sem vex hraðar til að byrja með
- Lerkið bætir jarðveg fyrir grenið – en verður undir
- - þó ekki fyrr en bolirnir eru nothæfir.

A landscape photograph showing a grassy hillside with several small, young evergreen trees scattered across it. A large, flat rock is visible in the middle ground. The background shows a hazy, mountainous area. The text is overlaid on the bottom of the image.

BLÖNDUN TEGUNDA - FJÖLBREY TILEIKI

Fjölbreytileiki trjátegundir og aðrar lífverur

Fyrstu tegundir og aðrar tegundir inn í seinna meir

Útgáfa og fræðsla

Útgefið efni

Lesið í skóginn

Skaðvaldar í trjám

▶ [Trjátegundir](#)

Laufré

Barrtré

Jólatré

Fræðsluefni

Ráðstefnur

Trjátegundir

Helstu trjátegundir í skógrækt á Íslandi
Fræðsluvefur um trjátegundir í skógrækt á Íslandi

Hér eru listar yfir helstu trjátegundir sem notaðar eru í skógrækt á Íslandi, annars vegar laufré og hins vegar barrtré. Allar upplýsingar, lagfæringar, viðbætur og jafnvel ljósmyndir af viðkomandi trjátegundum í íslenskum skógum eða gördum eru vel þegnar. Slíkt má senda á netfangið petur@skogur.is

🌿 [Laufré](#)

🌿 [Barrtré](#)

Á veraldarvefnum má víða finna mjög gagnlegar upplýsingar um trjátegundir. Nærtækt er að leita fyrst á íslenska [Wikipedia](#)-vefnum og á [þeirri enska](#) en jafnframt má finna sérhæfðari síður með þarlegri upplýsingum. Hér eru fáeinar sem vert er að nýta sér.

🌿 [SilviFuture](#) (flestar tegundir sem hér eru ræktaðar)

🌿 [The Gymnosperm Database](#) (barrtré)

🌿 [Silvis of North America](#) (itarlegri fræðilegar upplýsingar)

🌿 [Kunskap direkt](#) (alhliða fræðsluvefur um tré og skógrækt)

Almennt um tré

Tré eru stórar, fjölærar plöntur, oftast með einn áberandi stofn sem ber uppi greinar þeirra og laufskrud. Ekki er alltaf augljóst hvað skuli flokka sem tré og hvað sem runna. Algengast er að flokka tegundir til trjáa sem náð geta sex metra hæð fullvaxnar en hér á Íslandi, þar sem þjóðin hefur vanist lágvöxnu birki, teljast tveggja metra birkiplöntur hiklaust til trjáa. Tré eru langlífar jurtir þótt tegundir trjáa geti orðið mjög misgamlar. Sumar geta orðið mörg þúsund ára gamlar. Einnig er misjafnt frá einni tegund til annarrar hversu háar þær geta orðið. Til eru trjátegundir sem náð geta meira en 100 metra hæð.

Nokkrum flokkum jurta tilheyra tegundir sem hafa þróað með sér stofn. Laufré



📷 [Myndagallerý](#)

A wide-angle photograph of a landscape covered in dense, vibrant green vegetation, likely a forest or scrubland. In the background, there are several prominent, layered rock formations or cliffs, suggesting a geological feature like a plateau or a series of terraces. The sky is not visible, as the vegetation fills the upper portion of the frame. The overall scene is bright and lush.

Skođa skóga!